

NASDAQ OMX

Skráning á markað

– hlutabréf tekin til viðskipta



LEIÐBEININGAR

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Á að skrá félagið á markað?	6
Að skrá félag á markað	6
Aðalmarkaður og First North markaður – tveir kostir	8
Grunnskilyrði fyrir skráningu á markað	10
Á félagið heima á markaði?	12
2. Að skrá félag á markað – ferlið	13
Helstu skref	14
Hvað tekur heildarferlið langan tíma?	17
Kostnaður	18
3. Að vera félag á markaði	19
Fyrstu skrefin á markaði	19
Viðskipti með hlutabréfin	20
Upplýsingaskyldan	20
Fjárfestatengsl	22
4. NASDAQ OMX Iceland	23
Þjónusta NASDAQ OMX Iceland	23
Orðskýringar	28



Inngangur

Stjórnendur hlutafélaga velta eflaust einhvern tímann fyrir sér hvort skráning félags á markað sé vænlegur kostur. Þá er nauðsynlegt að þekkja hvaða kostir og skyldur fylgja því að hafa hlutabréf félagsins skráð á markaði.

Þessum leiðbeiningum er ætlað að veita hagnýtar og aðgengilegar upplýsingar um ferlið við skráningu félags á markað. Farið er yfir heildarferlið, allt frá ákvörðunartökunni um skráningu þar til félagið er skráð á markað. Gerð er grein fyrir helstu atriðum sem huga þarf að og fjallað um hvað fylgir því að vera á markaði, þ.m.t. upplýsingaskylda sem skráð félög þurfa að uppfylla.

NASDAQ OMX kauphöllin á Íslandi býður upp á tvo mismunandi markaði fyrir félög: Aðalmarkaðinn¹ og First North markaðinn². Munurinn á þessum mörkuðum felst í regluverkinu en minni kröfur eru gerðar til félaga sem skráð eru á First North markaðinn.

Kauphöllin á Íslandi er hluti af stærsta kauphallarfyrirtæki í heimi, NASDAQ OMX Group Inc. Innan NASDAQ OMX Group starfar NASDAQ OMX NordicSM sem er samheiti NASDAQ OMX kauphallanna í Helsinki, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og á Íslandi. Skráningarskilyrði, upplýsingaskylda og framsetning upplýsinga um skráð félög eru að mestu leyti samræmd í norrænu NASDAQ OMX kauphöllunum. Lögformlega sækir félag um skráningu í einni kauphöll, sem oftast er kauphöllin í heimalandi félagsins. Félagið er síðan kynnt með öllum félögum á NASDAQ OMX Nordic listanum og verður þannig einnig sýnilegt fjárfestum í öðrum löndum en í heimalandinu.

¹ Aðalmarkaðurinn er skipulegur verðbréfamarkaður skv. lögum nr. 110/2007 um kauphallir.

² First North markaðurinn er markaðstorg fjármálagerninga skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.



Kafli 1

Á að skrá félagið á markað?

Ákvörðunin um að skrá félag á markað er þýðingarmikil og verður að vera byggð á heiðarlegu og raunhæfu mati á félaginu, stjórnendum þess, þróunarstigi og framtíðarmöguleikum.

AÐ SKRÁ FÉLAG Á MARKAÐ

Margvíslegar ástæður liggja að baki ákvörðun um að skrá félag á markað. Oft er ástæðan einfaldlega þörf á nýju fjármagni eða sú að eigendur vilja selja hlutabréf sín. Félag í vexti þarf hugsanlega á innspýtingu nýs fjármagns að halda til þess að stækka, auka rannsóknir og þróun eða efla markaðsstarf. Skráning á markað veitir þannig aðgang að fjármagni til framtíðar. Margar aðrar ástæður geta þó legið að baki skráningu og sum félög eru skráð á markað án þess að sóst sé eftir auknu fjármagni í upphafi. Í slíkum tilfellum er litið til annars konar ávinnings af skráningunni, t.d. bættrar ímyndar og orðstírs eða að litið er til þess að auðveldara getur verið að laða að hæft starfsfólk ef því býðst að eignast hlutabréf í félagi sem hefur markaðsverðmæti.

Stjórnendur félags þurfa að meta hvort félagið eigi erindi á markað og hvað það hefur í för með sér fyrir félagið. Þeir þurfa einnig að kynna sér vel skráningarferlið í heild sinni. Margt þarf að meta í þessu samhengi og má þar á meðal nefna kostnað, vinnu og ávinning.

Hvers vegna á að skrá félag á markað?

Vægi kosta þess að skrá félag á markað er mismunandi eftir félögum. Helstu kostir eru:

Aðgengi að fjármagni

Skráning félags á markað auðveldar aðgang þess að fjárfestum og fjármagni. Skráð félag þarf að uppfylla strangar kröfur um viðvarandi upplýsingaskyldu. Það fær því ákveðinn gæðastimpil og hugsanlega einnig betri lánakjör.

Markaður fyrir hlutabréfin

Skráning félags á markað hvetur til viðskipta með hlutabréf þess og þannig er líklegra að rétt verð fái fyrir hlutabréfin á hverjum tíma. Hlutabréfin verða seljanlegri og það tryggir eigendum þeirra útgönguleið. Jafnframt opnar skráningin möguleika á aðkomu fleiri fjárfesta að félaginu.

Tryggð starfsmanna

Sameiginlegir hagsmunir starfsfólks og félags eflast ef starfsmenn eru hvattir til að eignast hlutabréf í félaginu. Það getur stuðlað að tryggð þeirra, auknum afköstum og betri starfsanda. Við skráningu á markað skapast hlutlaus verðmyndun á hlutabréfum í félaginu. Það ætti að styrkja félagið í sessi sem áhuga-verðan vinnustað sem laðar að hæft og reynt starfsfólk.

Það hefur sýnt sig að til að ná athygli erlendra fjárfesta er skráning á markað lykilatriði.

Hlutabréfin sem greiðslumiðill

Félag sem skráð er á markað er metið af markaðnum með hlutlausum hætti og hefur því markaðsverð. Auðveldara verður að nota hlutabréfin sem greiðslumiðil við kaup á öðrum félögum enda þarf ekki að semja sérstaklega um verðmæti þeirra. Þannig er mögulega hægt að komast hjá því að auka skuldir eða eyða lausafé félags í fyrirtökum.

Hlutabréfin verða seljanlegri og það tryggir eigendum þeirra útgönguleið úr fyrirtækinu.

Aukinn sýnileiki

Félag sem skráð er á markað er líklegra til að ná athygli fjölmiðla og fá umfjöllun í fjölmiðlum. Skráningin eykur þannig sýnileika félagsins; er kynning á því sem og vörum þess.

Umfjöllun greiningaraðila getur einnig aukið vitneskju markaðarins og neytenda um félagið og getur þannig stuðlað að auknum seljanleika hlutabréfa þess.

Það hefur sýnt sig að til að ná athygli erlendra fjárfesta er skráning á markað lykilatriði vegna þess að fjarlægð við markaðinn gerir þeim erfitt um vik að leggja mat á virði óskráðs félags. Skráning á markað auðveldar þannig erlendum aðilum, sem og innlendum, að fylgjast með félagi.

Góð áhrif á viðskiptavini

Upplýsingaskyldan sem skráð félög lúta ætti að stuðla að auknum gæðum í stjórnun og rekstri og efla trúverðugleika þeirra. Þannig getur viðhorf viðskiptavina, birgja og lánveitenda verið jákvæðara gagnvart skráðum félögum en óskráðum.

Atriði til umhugsunar

Skráningu á markað fylgja allnokkrar skyldur og kostnaður. Stjórnendur verða því einnig að meta þær kvaðir sem gætu fylgt því að fara á markað áður en endanleg ákvörðun er tekin um skráningu. Það helsta sem almennt er nefnt í þeim efnum er:

Nýir aðilar í stjórn

Þegar félag er skráð á markað eiga fleiri kröfu á að koma að stjórnun þess. Það getur reynst eigendum og stofnendum erfitt, t.d. eftir margra ára þrotlaust starf við uppbyggingu félagsins. Nýir aðilar í stjórn félags geta aftur á móti komið með lykilþekkingu inn í félagið og aðstoðað við frekari uppbyggingu þess.

Stjórnendur félags á markaði þurfa að veita mun meiri upplýsingar um stöðu þess en almennt er krafist af óskráðum félögum.

Upplýsingaskyldan

Skráning félags á markað og vera þess á markaði krefst mun skilvirkari upplýsingagjafar um stöðu félagsins en almennt er krafist af óskráðum félögum. Þar sem upplýsingagjöfin er opinber hafa samkeppnisaðilar jafnt sem aðrir aðgang að henni.

Kostnaður og tími


Skráning félags á markað kostar vinnu og fjármagn. Ef félag er lítið getur kostnaður vegna undirbúnings, skráningar og veru þess á markaði verið hlutfallslega hár. Mikill tími stjórnenda getur farið í undirbúning skráningar og að sinna skyldum sem fylgja veru félags á markaði. Stjórnendur félags verða því að vera meðvitaðir um aukið vinnuálag og meta hvort annar ávinningur skráningarinnar, þ.á.m. fjárhagslegur, sé nægur.

AÐALMARKAÐUR OG FIRST NORTH MARKAÐUR – TVEIR KOSTIR

NASDAQ OMX býður félögum á Íslandi tvo kosti við skráningu á markað: skráningu á Aðalmarkaðinn eða skráningu á First North markaðinn.

Félög skráð á Aðalmarkaði lúta lögum og reglum um skipulega verðbréfamarkaði en löggjöfin uppfyllir samræmd skilyrði Evróputilskipana á því sviði. Aðalmarkaðurinn er vel til þess fallinn að gera félag sýnilegra.

Félög á First North markaðnum þurfa að fylgja lögum og reglum sem snúa að markaðstorgi fjármálagerninga. Á First North markaðnum eru minni kröfur gerðar til dreifingar eignarhalds og lágmarks markaðsvirðis en á Aðalmarkaðnum. Ef sóst er eftir kostum þess að vera á markaði en yfirtökuskilyrði Aðalmarkaðarins t.d. talin vera fyrirstaða getur First North markaðurinn verið raunhæfur kostur. First North markaðurinn býður þannig einnig upp á sýnileika en er sniðinn að þörfum smærri, vaxandi félaga jafnt sem stærri félaga sem telja First North markaðinn betri kost. Viðskipti á First North markaðnum fara fram í sama viðskiptakerfi og Aðalmarkaðurinn og eru gerð upp með sama hætti.



Við skráðum okkur á First North til að verða sýnilegri á norræna fjármagnsmarkaðnum og auka seljanleika hlutabréfanna.



Forstjóri fyrirtækis í heilbrigðisgeiranum

Meginmunurinn á Aðalmarkaðnum og First North markaðnum er sýndur í eftirfarandi töflu:

	Aðalmarkaður	First North
Evróputilskipun – lagaumgjörð	Skipulegur verðbréfamarkaður	Markaðstorg Fjármálagerninga
Skilyrði fyrir töku til viðskipta		
Viðskipti með verðbréfin skulu vera án takmarkana	Já	Já
Skilyrði um markaðsvirði	Lágmark EUR 1 milljón	Nei
Skilyrði um rekstrarsögu	3 reikningsár, ef við á	2 reikningsár, ef við á
Dreifing eignarhalds / atkvæðisréttar	25% í eigu almennra fjárfesta, vissar undantekningar	10% í eigu almennra fjárfesta, vissar undantekningar
Skráningargögn	Lýsing skv. lögum um verðbréfiðskipti	Skráningarskjal skv. reglum First North (lýsing ef um er að ræða almennt útboð)
Umsjón með töku til viðskipta	Fjármálafyrirtæki sem hefur til þess heimild skv. starfsleyfi	Viðurkenndur ráðgjafi (e. Certified Adviser)
Viðvarandi upplýsingaskylda		
Innherjaupplýsingar /verðmótandi upplýsingar	Já, þegar í stað	Já, þegar í stað
Reikningsskilastaðlar	IFRS	Ekki skylt að beita IFRS
Reikningsskil	Ársfjórðungslega	Ársuppgjör og hálfársuppgjör
Tungumál	Íslenska eða enska	Íslenska eða enska
Viðskipti innherja	Lög um verðbréfiðskipti	Lög um verðbréfiðskipti
Flöggunarskylda	Já	Nei
Laun og hlunnindi stjórnenda	Já	Nei
Ráðgjöf vegna viðvarandi upplýsingaskylda	Nei	Viðurkenndur ráðgjafi (e. Certified Adviser)
Annað		
Yfirlýsing vegna stjórnarháttar	„Fylgja eða skýra“	Nei
Tilboðsskylda (yfirtökureglur)	Já	Nei

GRUNNSKILYRÐI FYRIR SKRÁNINGU Á MARKAÐ

Félag sem á að skrá á markað þarf að uppfylla ákveðin grunnskilyrði áður en hægt er að taka hlutabréf þess til viðskipta. Skilyrðin koma fram í lögum og reglum en þau lykilatriði sem félag þarf að huga að eru eftirfarandi:

Stofnun félags

Félagið þarf að vera skráð sem hlutafélag eða stofnað með öðrum hætti í samræmi við lög á þeim stað þar sem það er skráð í hlutafélagaskrá eða stofnað.

Bókhalds- og rekstrarsaga

Reikningar félags sem hyggst skrá sig á Aðalmarkaðinn skulu vera unnir samkvæmt IFRS stöðlum. Miðað er við að félag geti lagt fram endurskoðaða ársreikninga fyrir a.m.k. þrjú ár. Kauphöllin getur þó veitt undanþágu frá þessu skilyrði. Reikningar félags sem óskar eftir skráningu á First North markaðinn þurfa eingöngu að fylgja lögum heimalandsins um ársreikninga og miðað er við að þeir nái tvö ár aftur í tímann.

Seljanleiki

Skilyrði fyrir nægjanlegu framboði og eftirspurn eftir hlutabréfunum skulu vera fyrir hendi til að stuðla að áreiðanlegri verðmyndun. Nægilega mörg hlutabréf skulu vera í eigu almennra fjárfesta og félagið skal hafa nægjanlegan fjölda hluthafa. Á Aðalmarkaði er viðmiðunarmarkið að a.m.k. 25 prósent hlutabréfa innan sama flokks séu í eigu almennra fjárfesta. Viðmiðunarmarkið er 10 prósent á First North markaðnum. Hægt er að víkja frá þessum viðmiðum ef seljanleiki bréfa er tryggður, t.d. með viðskiptavakt.

Markaðsvirði hlutabréfa

Áætlað markaðsvirði hlutabréfa sem á að skrá á Aðalmarkað skal aldrei vera lægri fjárhæð en sem jafngildir 1 milljón evra miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Á First North markaðnum er ekki skilyrði um lágmarks markaðsvirði.

Arðsemi og veltufé

Félag á Aðalmarkaði skal sýna fram á að það búi yfir hagnaðargetu. Hafi félag á First North markaðnum ekki sýnt fram á hagnaðargetu þarf það að greina frá því hvernig það hyggst fjármagna starfsemina þar til áætlað er að félagið verði rekið með hagnaði.

Stjórnendur og stjórn

Stjórnendur félagsins skulu búa yfir þeirri hæfni og reynslu sem þarf til að stýra skráðu félagi. Stjórnendur félags verða einnig að kynna sér lög, reglugerðir og reglur Fjármálaeftirlitsins sem varða innherja.

Geta til að veita upplýsingar til markaðarins

Félag verður að búa yfir fullnægjandi verkferlum til að tryggja tímanlega miðlun upplýsinga til markaðarins.

Regluvörður

Stjórn félagsins skal ráða regluvörð og staðgengil hans. Regluvörður hefur umsjón með að lögum og reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé framfylgt innan félagsins.

Vefsetur

Félagi ber að halda úti eigin vefsetri sem veitir aðgang, í þrjú ár hið minnsta, að upplýsingum sem því er skylt að birta samkvæmt reglum um upplýsingaskyldu sem hvílir á félaginu. Fjárhagsuppplýsingar skulu þó vera aðgengilegar í að lágmarki fimm ár eftir að þær hafa verið birtar.

Á FÉLAGIÐ HEIMA Á MARKAÐI?

Áður en ákvörðun er tekin um skráningu félags á markað er gott fyrir stjórnendur að velta fyrir sér eftirfarandi atriðum:

Rétt skipulag og hugarfar

Eru grunnskilyrðin sem nefnd eru í kaflanum hér á undan til staðar hjá félaginu nú þegar? Ef ekki, hvernig ætlar félagið að vinna að því að uppfylla þau? Þarf að fá nýja aðila inn í stjórn til að uppfylla kröfur um hæfni og reynslu? Eru stjórnendur tilbúnir að veita allar upplýsingar sem krafist er af skráðu félagi? Eftir hvaða reikningsskilareglum eru reikningar félagsins unnir? Fer félagið eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja? Þarf að skoða betur og skipuleggja innri ferla félagsins? Hefur félagið kynnt sér væntingar fjárfesta og er það tilbúið að sinna þörfum þeirra?

Skilar félagið góðum tekjum, er það með traustan og sterkan fjárhag og hefur það góða sögu að segja?

Slíkt félag ætti að eiga góða möguleika á að laða að fjárfesta og á þess vegna heima á markaði.

Fjárfestar vilja sjá:

Að félagið sé vel rekið og fylgist með þróuninni í samkeppnisumhverfinu
Gagnsæja upplýsingagjöf

Að félagið fylgi góðum stjórnarháttum

Að félagið sýni hagnaðargetu

Mikilvægi verðmyndunar á markaði

Vilja áhættufjárfestar eða stofnanafjárfestar losa um fjármagn? Er vilji til að auka seljanleika hlutabréfanna og styrkja verðmyndun? Vill félagið eiga möguleika á að umbuna starfsfólki með því að gefa því kost á að eignast hlutabréf í félaginu?

Rétt tímasetning

Er þetta rétti tíminn til að fara á markað eða væri betra að bíða? Er markaður fyrir hlutabréf félagsins? Er félagið vænlegur kostur fyrir almenna fjárfesta?

Ef stjórnendur félags komast að þeirri niðurstöðu að félagið hafi hag af því að vera skráð á markað þarf að hefja undirbúningsvinnuna. Leita þarf til fjármálafyrirtækis varðandi aðstoð við undirbúning skráningar og umsjón með sölu hlutabréfanna, ef við á. Meta þarf verðmæti félagsins og ákveða hvort og hvernig á að selja hlutabréfin, þ.e. hvort fara eigi í almennt útboð eða hvort selja eigi beint til fagfjárfesta. Þá þarf að taka ákvörðun um hvort auka eigi hlutafé eða hvort selja eigi núverandi hlutabréf.



Kafli 2

Að skrá félag á markað – ferlið

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að skrá félag á markað þarf að hefja undirbúning fyrir skráningu þess og veru á markaði.

Ef skrá á félagið á Aðalmarkað þarf að afla upplýsinga um félagið og útbúa lýsingu sem uppfyllir samræmd skilyrði Evróputilskipana. Lýsinguna þarf að leggja fram til staðfestingar áður en hægt er að taka hlutabréf félagsins til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Samkvæmt lögum hefur Fjármálaeftirlitið umsjón með staðfestingu lýsinga, en það hefur heimild til að fela skipulegum verðbréfamarkaði að annast staðfestingu þeirra. Fjármálaeftirlitið á Íslandi hefur falið Kauphöllinni að annast staðfestingu lýsinga.

Á First North markaðnum er almennt einungis krafist skráningarskjals, nema félagið fari í almennt útböð³. Skráningarskjalið þarf að uppfylla reglur First North markaðarins og inniheldur lýsingu á félaginu.

³ Félag sem hyggst fara á First North markaðinn er ekki undanþegið gerð lýsingar ef um almennt útböð er að ræða. Bent er á undanþáguákvæði frá gerð lýsinga í lögum nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.

Lýsing skal innihalda þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda og ábyrðar aðila, ef við á, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og greinargóðan hátt.

1. mgr. 45. gr. verðbréfiðskiptalaga nr. 108/2007

Hafið viðskiptaáætlunina á hreinu
Byrjið undirbúning tímanlega
Vanáætlið ekki kostnaðinn
Veljið fjármálafyrirtækið af kostgæfni

Fjármálaeftirlitið veitir upplýsingar
um hvaða fjármálafyrirtæki hafa
leyfi til að hafa umsjón með útboði
verðbréfa og töku þeirra til viðskipta.

Lýsingin eða skráningarskjalið er upphafið að viðvarandi
upplýsingaskýldu félags sem skráð er á markað.

HELSTU SKREF

Hefja þarf undirbúning skráningar tímanlega. Að mörgu
er að hyggja og sérhvert skref tekur tíma. Mikilvægt er að
halda tímaáætlun og koma í veg fyrir tafir. Stjórnendur
þurfa að vera viðbúnir auknu álagi og nauðsynlegt er að
fá raunsætt mat á heildarkostnað.

Val á fjármálafyrirtæki eða viðurkenndum ráðgjafa

Ef skrá á félag á Aðalmarkað eða ætli félag í almennt
útboð þarf það að leita til fjármálafyrirtækis sem hefur heimild til að hafa umsjón með almennu
útboði verðbréfa og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði. Einnig gæti þurft að leita annarrar
sérfræðiráðgjafar við gerð lýsingar, til að greina og meta félagið, kynna fjárfestum félagið, kanna
grundvöll fyrir sölu hlutabréfanna og hugsanlega leiða félagið í gegnum heildarferlið.

Ef skrá á félag á First North markaðinn þarf félagið samning við viðurkenndan ráðgjafa (e. Certi-
fied Adviser). Viðurkenndi ráðgjafinn leiðir félagið í gegnum skráningarferlið og gengur úr skugga
um að það uppfylli allar reglur sem gilda um félög skráð á First North markaðnum. Hann starfar
síðan áfram sem ráðgjafi félagsins eftir skráningu.

Fjármálafyrirtækið eða, ef við á, fyrirtækið sem starfar sem viðurkenndur ráðgjafi skiptir miklu
máli í öllu ferlinu og því þarf að velja það af kostgæfni. Mælt er með því að stjórnendur kynni sér
þjónustu nokkurra fyrirtækja og kanni reynslu þeirra og þekkingu, þ.á.m. þekkingu þeirra á
skráningarferlinu. Stjórnendur eiga eftir að eyða miklum tíma með starfsmönnum fyrirtækisins
og því er mikilvægt að samstarfið verði gott.

Undirbúningur félagsins fyrir skráningu

Félagið þarf að uppfylla lög og reglur sem gilda um félög á markaði. Ef svo er ekki verður félagið
að koma á nauðsynlegum breytingum áður en sótt er um skráningu á markað. Það fer eftir eðli
frávikanna hverju sinni hversu langan tíma aðlögunarferlið tekur og hver tilkostnaðurinn verður.

Ákveða þarf á hvorn markaðinn á að skrá félagið, Aðalmarkaðinn eða First North markaðinn og
hvort útboð eigi að vera undanfari töku hlutabréfanna til viðskipta. Jafnframt er mikilvægt að
verja tíma í að kynna félagið sem fjárfestingarkost.

Listi yfir viðurkennda ráðgjafa er á:
www.nasdaqomx.com/listingcenter/firstnorth



Við skráningu á First North fengum við faglegri ímynd sem hjálpaði okkur að laða að fleiri og stærri viðskiptavini og birgja.



Forstjóri fyrirtækis í upplýsingatækni



Nauðsynleg gögn

Hvort sem valið er að fara á Aðalmarkaðinn eða First North markaðinn þarf alltaf að vinna lýsingu eða skráningarskjal. Lýsingin inniheldur upplýsingar sem verða að vera aðgengilegar almennum fjárfestum samkvæmt lögum og reglum. Hún inniheldur m.a. ítarlegar upplýsingar um félagið, starfsemi þess og framtíðarhorfur. Það þarf að vanda til verka því gæði lýsingarinnar geta haft veruleg áhrif á hversu vel gengur að markaðssetja hlutabréfin. Félag sem á að skrá á First North markaðinn er undanþegið gerð lýsingar og nægir þá að vinna skráningarskjal (e. Company Description) nema félagið fari í almennt útboð á hlutabréfunum⁴. Skráningarskjalið inniheldur einnig upplýsingar um félagið en það þarf aðeins að uppfylla reglur First North markaðarins.

Talsverð vinna og tími fara í að útbúa lýsinguna eða skráningarskjalið en stjórnendur félagsins bera endanlega ábyrgð á öllum upplýsingum sem komið er á framfæri. Því er mikilvægt að þeir fylgist vel með vinnunni og hafi yfirsýn.

Útboð

Algennt er að hlutabréfin séu boðin almennum fjárfestum og/eða fagfjárfestum annað hvort með svokölluðu áskriftarfyrirkomulagi (e. book building) eða á föstu verði. Með áskriftarfyrirkomulaginu þarf að meta fyrirfram hvert ásættanlegt verðbil hlutabréfanna í útboðinu er. Það er tilkynnt í lýsingunni sem birt er í upphafi útboðsins. Fjárfestar geta skrifað sig fyrir hlutabréfum meðan útboðstímabilið stendur. Ef tilboðin eru ásættanleg er útboðsverðið ákveðið í lok útboðstímabilsins og þá er jafnframt tilkynnt að gengið verði að tilboðunum á því útboðsverði. Almennt eru þau tilboð talin bindandi sem eru jöfn útboðsverðinu eða hærri.

Í sumum tilfellum er útboðið sölutryggt. Þá gerir fjármálafyrirtæki, sem hefur til þess leyfi, samning við félagið eða eigendur hlutabréfanna um að það skuldbindi sig til að kaupa, innan tiltekins tímamarks og á fyrirfram ákveðnu verði, þann hluta hlutabréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennum útboði.

Til að auka tiltrú markaðarins á félaginu skuldbinda eigendur sig í sumum tilfellum til að selja ekki eigin hlutabréf fyrr en t.d. 12-24 mánuðum eftir útboðið.

Ef félag vill stuðla að seljanleika hlutabréfanna getur það gert viðskiptavakasamning við fjármálafyrirtæki. Þá skuldbindur fjármálafyrirtækið sig til að kaupa og selja hlutabréf félagsins fyrir eigin reikning eða reikning félagsins.

Upplýsingaskyldan

Félag sem er skráð á markað þarf samkvæmt lögum að uppfylla upplýsingaskyldu. Stjórnendur verða að vera meðvitaðir um kröfur upplýsingaskyldunnar, meta hverjir teljast innherjar og hverjir ekki og hvað megi upplýsa innan félagsins og utan. Almenna reglan er sú að birta skal opinberlega allar upplýsingar sem teljast verðmótandi eins fljótt og unnt er.

⁴ Félag sem hyggst fara á First North markaðinn er ekki undanþegið gerð lýsingar ef um almennt útboð er að ræða. Bent er á undanþáguákvæði frá gerð lýsinga í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Ferlið hjá Kauphöllinni

Undirbúningsfundur

Áður en sótt er um töku hlutabréfa til viðskipta í fyrsta skipti þarf félagið og fjármálafyrirtækið, sem hefur umsjón með skráningunni, að óska eftir fundi með Kauphöllinni vegna fyrirhugaðrar umsóknar. Á fundinum er skráningarferlið hjá Kauphöllinni kynnt, farið yfir upplýsingaskýldu skráðra félaga og tímaáætlunina.

Umsóknarferlið

Ferlið hjá Kauphöllinni er tvíþætt. Annars vegar snýr það að yfirferð og staðfestingu lýsingarinnar, ef við á, og hins vegar að töku hlutabréfanna til viðskipta.

Þegar Kauphöllin fær umsóknir félags um staðfestingu á lýsingu og töku hlutabréfanna til viðskipta tilnefnir hún aðaltengilið Kauphallarinnar við félagið. Sá aðili heldur utan um samskiptin við fjármálafyrirtækið sem hefur umsjón með skráningunni og leiðbeinir í ferlinu sem snýr að staðfestingu lýsingar og töku hlutabréfanna til viðskipta. Starfsmenn Kauphallarinnar yfirfara lýsinguna. Svipað ferli á við um skráningarskjal fyrir félag sem fyrirhugað er að skrá á First North markaðinn og eru undanþegin gerð lýsingar en skráningarskjalið þarf einungis að uppfylla reglur First North markaðarins.

Þegar lýsingin hefur verið staðfest er fyrst hægt að taka hlutabréfin til viðskipta. Áður þarf þó að skrifa undir samning við Kauphöllina um töku hlutabréfanna til viðskipta og viðvarandi upplýsingaskýldu. Ef um útboð er að ræða verða niðurstöður útboðsins að liggja fyrir og staðfest að hlutabréfin hafi verið útgefin áður en þau eru tekin til viðskipta í kerfum Kauphallarinnar.

Innherjalistar og skipan regluvarðar


Félagið verður að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fruminnherja og tímabundna innherja. Jafnframt verður stjórn félagsins að skipa regluvörð, og staðgengil hans, sem hefur eftirlit með því að félagið fylgi lögum og reglugerðum ásamt reglum útgefnum af Fjármálaeftirlitinu er varða meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

HVAÐ TEKUR HEILDARFERLIÐ LANGAN TÍMA?

Heildarferlið getur tekið 3–12 mánuði, jafnvel lengri tíma, og fer eftir því hversu mikinn tíma stjórnendur hafa og hversu mikil vinna leggst á félagið við að uppfylla kröfur sem gerðar eru til félaga á markaði. Mestur tími fer í aðlögun félagsins að þeim kröfum sem gerðar eru til skráðra félaga og vinnslu lýsingar eða skráningarskjals. Gera má ráð fyrir að ferli skráningar á First North markaðinn taki töluvert skemmri tíma en skráningarferlið á Aðalmarkaðinn.

Samþykktarferlið hjá Kauphöllinni tekur einungis nokkra daga þegar öll nauðsynleg gögn hafa verið lögð fram.

Gjaldskrá Kauphallarinnar er að finna á:
www.nasdaqomx.com/listingcenter



KOSTNAÐUR

Skráningu félags á markað fylgja fastir kostnaðarliðir. Kauphöllin tekur gjald fyrir töku hlutabréfanna til viðskipta. Það skiptist í skráningargjald og árgjald sem er ákveðið hlutfall af verðmæti félagsins. Upplýsingaskyldunni fylgir einnig kostnaður vegna dreifingar upplýsinga og reikna má með því að hann verði hluti af fastakostnaði skráðs félags. Þá getur bæst við ýmis kostnaður t.d. vegna rafrænnar skráningar hlutabréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands og ráðgjafar á sviði fjármála, laga, almannatengsla og fjárfestatengsla. Erfitt er að segja til um hver heildarkostnaðurinn verður, þar sem hann ræðst af mörgum breytum, þar á meðal stærð og eðli félagsins.

Upplýsingar um skráningu verðbréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands er að finna á:
www.vbsi.is



Kafli 3

Að vera félag á markaði

FYRSTU SKREFIN Á MARKAÐI

Þegar skráningu félagsins á markað er lokið hefur það þar með tekið fyrstu skrefin í nýju umhverfi. Félagið fellur nú undir lög og reglur um skráð félög og nauðsynlegt er að verkferlar sem tryggja að félagið uppfylli þær kröfur séu virkir.

Stjórnendur geta nú fylgst með verði hlutabréfa félagsins svo og áhuga fjárfesta á þeim. Það er ekki alltaf samræmi á milli þróunar hlutabréfaverðs og stöðu félagsins og því mikilvægt að fjárfestatengslum sé sinnt af kostgæfni og allar verðmótandi upplýsingar birtar opinberlega eins fljótt og unnt er.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllin hafa gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Nýjar og endurskoðaðar leiðbeiningar komu út í júní 2009. Þær eru í samræmi við alþjóðlegar áherslur á þessu sviði og fjalla um starfsskyldur nær allra stjórnenda. Leiðbeiningarnar henta flest öllum félögum en félög á Aðalmarkaði eiga að greina frá því hvort þau fylgja leiðbeiningunum og tilgreina frávik og ástæður ef þeim er ekki fylgt.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er að finna á:
www.nasdaqomx.com/listingcenter

Vefsetur Fjármálaeftirlitsins er:
www.fme.is

Það getur reynst félagi vel að fylgja vönduðum stjórnarháttum og sinna fjárfestatengslum vel. Fjárfestar, greiningaraðilar og fjölmiðlar skipta félagið nú miklu máli og nauðsynlegt er að huga að þeirra þörfum. Slök ímynd getur reynst dýrkeyptari en fjárfesting í góðri ímynd.

Eigendur félaga á Aðalmarkaðnum þurfa að tilkynna breytingar á eignarhaldi, beinu og óbeinu, þegar atkvæðisréttur þeirra hækkar yfir eða lækkar niður fyrir viss mörk sem tilgreind eru í lögum. Hafa ber í huga að ákvæði laga um yfirtökuskyldu eiga við um Aðalmarkaðinn en ekki First North markaðinn.

Strangar reglur gilda um innherjalista og það hvenær innherji má eiga viðskipti með fjármálagerninga. Stjórnendur verða að vera meðvitaðir um hverjir teljast innherjar. Eyðublöð vegna tilkynninga um viðskipti innherja, leiðbeiningar um rafræn skil á innherjalistum o.fl. er að finna á vefsetri Fjármálaeftirlitsins.

VIÐSKIPTI MEÐ HLUTABRÉFIN

Þegar félag hefur verið skráð geta átt sér stað viðskipti með hlutabréf þess í viðskiptakerfi Kauphallarinnar. Viðskipti verða með tvennum hætti, annars vegar við pörun tilboða sem lögð eru fram í tilboðabók hlutabréfanna og hins vegar er samið um viðskipti utan viðskiptakerfisins og þau síðan tilkynnt í kerfið innan þriggja mínútna frá tilurð þeirra. Eingöngu aðilar að Kauphöllinni, sem eru fjölmargir bankar og önnur fjármálafyrirtæki, hafa aðgang að viðskiptakerfinu. Þar leggja þeir fram tilboð og tilkynna viðskipti bæði fyrir eigin reikning og fyrir hönd viðskiptavina sinna.

Kauphöllin hvetur skráð félög til að huga að samningi við kauphallaraðila um viðskiptavakt. Með slíkum samningi skuldbindur kauphallaraðili (viðskiptavakinn) sig til að leggja fram kaup- og sölu-tilboð í viðskiptakerfi Kauphallarinnar og lýsir sig reiðubúinn til að eiga viðskipti með hlutabréfin upp að tiltekinni fjárhæð á degi hverjum. Tilgangur viðskiptavaktar er að auka virkni viðskipta og bæta verðmyndun. Alla jafna ætti viðskiptavakt að auka áhuga fjárfesta á hlutabréfunum, enda eykur hún líkur á skilvirkri verðmyndun og auðveldar fjárfestum útgöngu þegar þar að kemur.

UPPLÝSINGASKYLDAN

Skilvirkur markaður býður upp á seljanleika og dýpt, góða upplýsingagjöf og vandaða viðskiptahætti. Eitt af meginskilyrðum þess að verðbréfamarkaður þróist og eflist er að vernd fjárfesta sé tryggð þannig að þeir sitji allir við sama borð. Verðmyndun á markaði byggist að stórum hluta á væntingum fjárfesta um framtíðina og því verða þeir að hafa aðgang að upplýsingum um skráð félög til að geta myndað sér skoðun á þeim og hlutabréfum þeirra. Upplýsingaskyldan er því forsenda gagnsæs og skilvirkis markaðar og getur komið í veg fyrir verðflökt sem rekja má til tilgáta eða orðróms.


Kauphallaraðila má finna á:
nordic.nasdaqomxtrader.com/membershipservices/



Eitt af aðalatriðunum er að vera til taks. Þjónusta við markaðinn og hagsmunaaðila felst í því að vera til taks og tilbúinn að sjá til þess að þú verðir sá sem þeir snúa sér fyrst til.



Fjárfestatengill hjá félagi í heilbrigðisgeiranum



Samkvæmt lögum ber skráðu félagi að birta almenningi opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar sem eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga, þ.e. verðmótandi upplýsingar. Aðalmarkmiðið er að upplýsingarnar séu veittar tímanlega til markaðarins og á jafnræðisgrundvelli.

Skipta má viðvarandi upplýsingaskyldu skráðs félags í reglubundna og atviksbundna upplýsingaskyldu. Reglubundin upplýsingaskylda á m.a. við um birtingu ársreiknings, árshlutareikninga og gagna og ákvarðana hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda. Atviksbundin upplýsingaskylda á m.a. við um birtingu upplýsinga um mikilvægar ákvarðanir og atvik í rekstri félagsins eða ófyrirséða atburði sem geta haft verðmótandi áhrif.

Segja má að lýsingin eða skráningaskjalið sé í raun upphafið að viðvarandi upplýsingaskyldu og er hún mikilvægur þáttur í því að tryggja gagnsæi á verðbréfamarkaði. Við skráningu félags á markað skuldbindur félagið sig til að uppfylla ákvæði laga og reglna um viðvarandi upplýsingaskyldu. Nýju félagi á markaði getur reynst erfitt að meta hvaða upplýsingar teljast verðmótandi og hverjar skuli tilkynna markaðnum. Þumalputtareglan er að láta markaðinn njóta vafans í þessum eignum.

FJÁRFESTATENGL

Markmið fjárfestatengsla er að tryggja markaðsaðilum gagnsæjar upplýsingar um félagið og hlutabréfin. Til viðbótar við þá lagaskyldu að greina frá verðmótandi upplýsingum svo fljótt sem kostur er, hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar fyrir félagið, er góð regla að greina einnig frá öðrum atriðum sem geta eflt skilning fjárfesta á félaginu og rekstrinum, t.d. í fréttabréfi eða á vefsetri. Mikilvægt er að sá sem fer með hlutverk fjárfestatengils þekki vel lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaðnum.

Fjárfestatengill er í samskiptum við fjárfesta og tryggir að félagið og rekstur þess sé kynnt fyrir aðilum á markaðnum með skýrum og hnitmiðuðum hætti. Fjárfestatengillinn þarf að hafa raunupplýsingar um reksturinn, þekkingu styrkleika félagsins og tækifæri í rekstrinum. Verð hlutabréfa endurspeglar væntingar fjárfesta um framtíð félagsins. Þess vegna er mikilvægt að fjárfestatengill fræði markaðsaðila um þá meginþætti sem hafa áhrif á væntingarnar og uppfæri þær upplýsingar reglulega.

Fjárfestatengillinn þarf að eiga greiðan aðgang að yfirstjórnendum félagsins. Þannig ætti að vera tryggt að viðkomandi tali máli stjórnenda og fylgi þeirri stefnu sem stjórnin hefur sett. Stjórnendur félags bera ávallt ábyrgð á upplýsingagjöf til markaðarins.

Sá sem sinnir fjárfestatengslum vel kappkostar að vera samkvæmur sjálfum sér í upplýsingagjöfni og leggur áherslu á að gefa raunsanna mynd af félaginu á hverjum tíma. Þess vegna er mikilvægt að það sé markvisst unnið að því innan félagsins að bæta og viðhalda góðri upplýsingagjöf.



NASDAQ OMX

Kafli 4

NASDAQ OMX Iceland

Kauphöllin á Íslandi hefur verið mikilvæg í þróun íslenska verðbréfamarkaðarins. Kauphöllin starfrækir skipulegan verðbréfamarkað, Aðalmarkaðinn, og markaðstorg fjármálagerninga, First North markaðinn, og býður upp á viðskipti með hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini og aðra fjármálagerninga. Kauphöllin er hluti af stærsta kauphallarfyrirtæki í heimi: NASDAQ OMX Group Inc., og er þar með hluti af samþættum alþjóðlegum verðbréfamarkaði.

ÞJÓNUSTA NASDAQ OMX ICELAND

Markaðsleiðsögn og stjórnarstarf

Tengiliður

Við skráningu fær félagið tilnefndan tengilið innan Kauphallarinnar. Tengiliðurinn aðstoðar við að hámarka hag félagsins af skráningunni með faglegri ráðgjöf og upplýsingum um hentugar þjónustuleiðir sem standa félaginu til boða hjá NASDAQ OMX. Tengiliðurinn kemur á framfæri upplýsingum um nýja þjónustu, fræðsluefni, námskeið og aðra viðburði á vegum NASDAQ OMX.

Fræðsla

NASDAQ OMX býður ýmis konar fræðslu, sérhannaða að þörfum stjórnenda. Námskeið sem í boði eru fjalla m.a. um skráningu félags á markað, reglur um upplýsingaskyldu og stjórnarhætti fyrirtækja.

Fréttabréf

Mánaðarlega dreifir NASDAQ OMX fréttabréfi til allra skráðra félaga í norrænu kauphöllunum. Í fréttabréfinu er gerð grein fyrir viðburðum og námskeiðum sem framundan eru og mikilvægum fréttum af markaði og markaðsþróun. Kauphöllin dreifir einnig ársfjórðungslega fréttabréfi til útgefenda fjármálagerna hjá NASDAQ OMX Iceland með upplýsingum sem snúa eingöngu að íslenska markaðnum.

Vefgátt fyrir stjórnarmenn

Directors DeskSM er alhliða veflausn fyrir stjórnarmenn sem eykur skilvirkni í starfi. Þetta stjórnunartæki er búið fyllsta öryggi, er notendavænt og hagkvæmt.

Fjárfestatengsl

Dreifing fréttatilkynninga – GlobeNewswireSM

Fréttáþjónusta NASDAQ OMX, GlobeNewswireSM, býður félögum sérsniðnar lausnir fyrir dreifingu fréttatilkynninga þannig að þau geti m.a. uppfyllt kröfur um opinbera dreifingu upplýsinga á Evrópska efnahagssvæðinu. GlobeNewswireSM býður upp á notendavænt viðmót og örugga dreifingu fréttatilkynninga til fjárfesta, blaðamanna, fréttastöðva, vefsvæða og sérfræðinga um allan heim. Kauphöllin býður einnig faglega aðstoð fulltrúa á Íslandi við útsendingu fréttatilkynninga.

Veflausnir á sviði fjárfestatengsla

Shareholder.comSM býður félögum alhliða veflausnir og samstilltan búnað fyrir fjárfestatengsl undir merkinu Webcenter360. Veflausnirnar innihalda gagnvirkar aðgerðir sem gera fjárfestum kleift að nýta sér vefsvæði félagsins til fulls. NASDAQ OMX býður enn fremur smærri félögum sérhæfðar lausnir sem auðvelda birtingu fjárfestaupplýsinga á heimasíðu félags, hvort sem um ræðir tilkynningar á eigin tungumáli eða á ensku.

Fjárfestafundir og viðburðir

NASDAQ OMX er með ýmis konar þjónustu og viðburði á sínum vegum til þess að vekja áhuga fjárfesta og efla skilning þeirra á skráðum félögum. Fjárfestafundur er góður vettvangur til að kynna félag betur fyrir fagfjárfestum innlendum sem erlendum.

Netvarp

NASDAQ OMX gerir félögum kleift að netvarpa kynningum, fréttum og blaðamannafundum og auka þannig sýnileika þeirra meðal fjölmiðla, greiningaraðila og fjárfesta á skilvirkan og sannfærandi hátt. Áhorfendur geta séð netvarpsþætti í beinni útsendingu eða sótt þá þegar þeim hentar af vefsetri félagsins.

Sýnileiki

Atvinnugeiraflokkun

Sýnileiki skráðra félaga í NASDAQ OMX kauphöllunum verður enn meiri en ella vegna atvinnugeiraflokkunarinnar. NASDAQ OMX notar atvinnugeiraflokkun þar sem félög eru auðkennd eftir atvinnugrein og -geira í samræmi við alþjóðlega staðla. Því er auðvelt fyrir fjárfesta að meta og bera saman félög sem eru skráð hjá NASDAQ OMX þegar þeir íhuga fjárfestingarkosti. Upplýsingar um atvinnugeirana eru kynntar á vefsvæði NASDAQ OMX, í útsendu kynningarefni, á fundum og öðrum viðburðum.

Vísitölur á heimsvísu

NASDAQ OMX er leiðandi á heimsvísu í vísitöluþjónustu og fjárfestar um allan heim styðjast við þær vísitölur. Vísitölurnar eru leiðbeinandi, bæði í almennu tilliti og hvað snertir einstaka atvinnugeira, og gefa markaðnum mikilvæga innsýn í frammistöðu hinna ýmsu markaðseininga sem og markaðarins í heild. Félög sem eru hluti af vísitölunum ná augum fjárfesta um allan heim vegna þessara vísitöluafurða.

Markaðsviðburðir – MarketSite®

Félögum er velkomið að fagna sérstökum viðburðum með því að taka þátt í opnun eða lokun NASDAQ OMX markaðarins að Times Square í New York. Þetta er einstakt tækifæri til sýnileika og kynningar á félaginu á vettvangi sem á engan sinn líkan þó víða væri leitað en helstu viðskiptafjölmiðlar heims eru á MarketSite®. Aðgangur er veittur að sjónvarpsbúnaði fyrir viðtöl og félagið getur einnig haldið ýmis konar viðburði og fundi á staðnum í tengslum við athöfnina. Opunar- og lokunarathöfnum er varpað á risaskjá MarketSite® turnsins á Times Square.

Markaðspekking og gæði viðskipta

NASDAQ OMX býður upp á þjónustu sem veitir félögum aðgang að markaðsupplýsingum, stuðlar að auknum viðskiptagæðum og auðveldar aðgang að upplýsingum um frammistöðu félaga í svipuðum rekstri.

Staða hlutabréfa á netinu

Skráð félög geta tengst sérsniðinni NASDAQ OMX upplýsingaveitu um eina samþætta vefgátt, Nordic Online. Þar geta skráð félög nálgast upplýsingar um hlutabréfaviðskipti, önnur félög í svipuðum rekstri, vísitölur og fréttir af atvinnugreinum.

Vikuyfirlit NASDAQ OMX Nordic

Skráð félög hjá NASDAQ OMX Nordic fá vikulega sent sérstakt yfirlit í tölvupósti með stuttri greinargerð um markaðsvirkni liðinnar viku. Þannig gefst stjórnendum tækifæri til að fylgjast með frammistöðu eigin félags og annarra félaga í svipuðum rekstri á fljótlegan hátt.

Rafræn skráning verðbréfa

Verðbréfaskráning Íslands

Verðbréfaskráning Íslands er eitt af dótturfélögum NASDAQ OMX. Hún gefur út, geymir og gerir upp verðbréf á rafrænu formi, en það auðveldar aðgengi fjárfesta að markaðnum. Slík rafræn skráning verðbréfa auðveldar og eykur öryggi uppgjors á verðbréfum, greiðslu arðs, vaxta og afborgana, svo og vörslu verðbréfa og utanumhald á hlutaskrá. Verðbréfaskráning Íslands úthlutar jafnframt svokölluðum ISIN númerum fyrir íslenskar útgáfur verðbréfa, en það er alþjóðlegt kerfi til að auðkenna verðbréf.

Vefsetur NASDAQ OMX

NASDAQ OMX er með þrjú vefsetur sem hvert um sig er sérsníðið að þörfum viðskiptavina:

www.nasdaqomx.com er aðalsíða NASDAQ OMX. Hún birtir upplýsingar varðandi skráningu félaga á markað, lög og reglugerðir svo og almennar upplýsingar um NASDAQ OMX.

www.nasdaqomxnordic.com er sniðin fyrir almenna fjárfesta. Á þessari síðu er að finna upplýsingar um gengi og vísitölur og söguleg gögn fyrir alla fjármálagerninga í kauphöllum NASDAQ OMX á Norðurlöndunum. Á síðunni má sjá yfirlit yfir viðskipti á mismunandi mörkuðum, hækk-anir og lækkanir dagsins, fjölda viðskipta, tilkynningar frá félögum og fleira.

www.nasdaqomxtrader.com/nordic er sniðin að þörfum markaðsaðila og sérfræðinga í markaðs-upplýsingum. Þar er að finna tölfræðiyfirlit ásamt öðrum sérfræðiupplýsingum.



Orðskýringar⁵

Hér að neðan má finna stuttar útskýringar á hugtökum sem tengjast skráningarferlinu og viðskiptum með hlutabréf.

Almennt útboð

Með almennu útboði verðbréfa, hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er átt við hvers konar boð til almennings um kaup á verðbréfum, með hvaða hætti sem er, þar sem fram koma nægjanlegar upplýsingar um skilmála útboðs og verðbréfin sem eru boðin til kaups til að fjárfesti sé kleift að ákveða að kaupa eða láta skrá sig fyrir kaupum á þessum verðbréfum. Undir þetta falla einnig verðbréf sem eru markaðssett og/eða seld fyrir tilstilli milligönguaðila á fjármálamarkaði.

Fagfjárfestir/almennur fjárfestir

Með fagfjárfestum er átt við viðskiptavinum sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Almennur fjárfestir er fjárfestir sem ekki er fagfjárfestir.

Fjármálagerningur

Til fjármálagerninga teljast m.a. verðbréf, peningamarkaðsskjöl og hlutdeildarskírteini ⁶.

Flokkur hlutabréfa

Hér á landi er algengast að hlutabréf séu gefin út í einum flokki. Til þess að teljast til flokks hlutabréfa þurfa hlutabréfin að veita eigendum sínum sömu réttindi til t.d. arðs, atkvæðisréttar og jöfnunarbréfa. Hlutabréf eru ótímabundin ólíkt skuldabréfum, þ.e. þau eru ekki gefin út til ákveðins tíma.

Frum sala/eftirmarkaður

Frum sala er það þegar fjármálagerningar eru seldir í fyrsta sinn eftir útgáfu. Þegar stofnað er nýtt hlutafélag eða þegar starfandi hlutafélag ákveður að auka við það hlutafé sem það hefur þegar gefið út er um frumsölu að ræða. Þegar þessi hlutabréf eru seld í annað sinn og í hvert sinn eftir það er um eftirmarkað að ræða. Í Kauphöllinni er einungis starfræktur eftirmarkaður.

Innherjar og innherjaviðskipti

Til innherja teljast þeir sem vegna starfs síns eða stöðu búa yfir innherjaupplýsingum eða hafa aðgang að þeim. Fruminnherjar eru t.d. stjórnendur og stjórnarmenn fyrirtækja og ráðgjafar, t.d. lögfræðingar og endurskoðendur. Makar þeirra og börn teljast til fjárhagslega tengdra aðila. Aðrir innherjar eru þeir sem komast yfir innherjaupplýsingar en eru ekki fruminnherjar eða tímabundnir innherjar. Innherjaupplýsingar eru nægjanlega tilgreindar upplýsingar um útgefanda eða verðbréf hans, sem ekki hafa verið gerðar opinberar og ætla má að hafi áhrif á markaðsverð verðbréfa, ef opinberar væru⁷.

Kauptilboð

Ef fjárfestir á markaði er tilbúinn að kaupa tiltekin verðbréf getur hann, í gegnum kauphallaraðila, sett fram kauptilboð í viðskiptakerfi Kauphallarinnar. Í tilboðinu tilgreinir hann hversu mikið hann vill kaupa af tilteknum verðbréfum og jafnframt hvað hann er tilbúinn að greiða fyrir þau. Ef fleiri en eitt kauptilboð eru í verðbréf í sama flokki telst hagstæðasta tilboðið vera það tilboð sem hljóðar upp á hæsta verðið. Þannig er hagstæðasta tilboðið mælikvarði á hvað markaðurinn er tilbúinn að greiða hæst fyrir tiltekin verðbréf.

Kauphallaraðili

Kauphallaraðili er fjármálafyrirtæki eða annar hæfur aðili sem Kauphöllin hefur veitt leyfi til að eiga viðskipti á mörkuðum sínum. Einungis kauphallaraðilar geta framkvæmt viðskipti í Kauphöllinni. Fjárfestar geta lagt fram tilboð og tilkynnt viðskipti á mörkuðum Kauphallarinnar fyrir milligöngu kauphallaraðila.

⁵ Orðskýringarnar eru flestar teknar úr lögum nr.108/2007 um verðbréfavíðskipti eða lögum nr. 110/2007 um kauphallir

⁶ Nánari skilgreiningu er að finna í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, 2. gr, 2. tölul.

⁷ Nánari upplýsingar er að finna í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, XIII. kafli, meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja.

Lýsing

Samheiti yfir skjal eða skjöl sem birta þarf vegna almenns útboðs verðbréfa eða töku verðbréfa til viðskipta. Lýsingu má birta sem þrjú aðskilin skjöl. **Útgefandalýsing** er þá sá hluti lýsingarinnar sem veitir upplýsingar um útgefandann, **verðbréfalýsing** veitir upplýsingar um verðbréfin sjálf og í **samantekt**, sem skal lesa sem kynningu á lýsingunni, er í stuttu máli og með skýrum hætti lýst megineinkennum og áhættu hvað varðar útgefandann, ábyrgðaraðila, ef við á, og verðbréfin sjálf. **Grunnlýsing** er lýsing í einu skjali sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréfin sem boðin eru almenningi eða sem ætlinin er að taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ásamt **endanlegum skilmálum** útboðs.

Markaðstorg fjármálagerninga (MTF)

Marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við IV. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Opinber birting

Upplýsingar frá útgefanda sem birtar eru almenningi opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Upplýsingunum er dreift í gegnum fréttamiðla á Evrópska efnahagssvæðinu.

Skipulegur verðbréfamarkaður

Marghliða viðskiptakerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í viðskiptakerfinu.

Skráning á markað

Skráning á markað felst í staðfestingu á lýsingu, ef við á, og töku hlutabréfa til viðskipta. Staðfest lýsing þarf að liggja fyrir áður en hægt er að taka hlutabréf til viðskipta⁸. Félag sem hefur hlutabréf sín í viðskiptum hjá Kauphöllinni er skráð á markað. Aðalmarkaður NASDAQ OMX Iceland er skipulegur verðbréfamarkaður og First North markaðurinn er markaðstorg fjármálagerninga.

Skilvirkur markaður

Á skilvirkum markaði sitja allir við sama borð hvað varðar upplýsingar um þá þætti sem skipta máli við mat á verðmæti félaga. Upplýsingarnar endurspeglast í verði viðkomandi verðbréfa. Þess vegna eiga öll félög sem eru skráð í Kauphöllinni að birta opinberlega upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem eru verðmótandi, eins fljótt og unnt er. Traust fjárfesta á að þeir sitji við sama borð og aðrir varðandi upplýsingar um þá þætti sem hafa áhrif á markaðsverð verðbréfa lækkar ávöxtunarkröfu bréfanna, eykur möguleika á að viðskipti eigi sér stað og lækkar viðskiptakostnað. Aðgengi fyrirtækja að fjármagni til fjárfestinga og vaxtar er því betra en ella.

Söluþilboð

Ef fjárfestir á markaði er reiðubúinn að selja verðbréf getur hann, í gegnum kauphallaraðila, sett fram söluþilboð í viðskiptakerfi Kauphallarinnar. Líkt og þegar um kaupþilboð er að ræða tilgreinir viðkomandi það magn sem hann er tilbúinn að selja og hvaða verð hann vill fá fyrir verðbréfin. Ef fleiri en eitt söluþilboð eru í verðbréf í sama flokki telst hagstæðasta tilboðið vera það sem er á lægsta verði.

Verðbréf

Til verðbréfa teljast m.a. hlutabréf og skuldabréf⁹.

⁸ Ef skrá á félag á First North getur verið nóg að útbúa skráningarskjal. Bent er á undanþáguákvæði frá gerð lýsinga í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

⁹ Nánari skilgreiningu er að finna í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, 2. gr., 2. tölul., a-lið.

NASDAQ OMX Iceland hf

Laugavegi 182,

105 Reykjavík

Sími: 525 2800, fax: 525 2888

Ljósmynd á forsiðu: Reuters

Umbrot og hönnun: Vilborg Anna Björnsdóttir

Prentun: Pixel

www.nasdaqomxnordic.com

Heimilt er að afrita þetta rit eða vísa í það með hvaða hætti sem er en geta verður heimilda

1. útgáfa, febrúar 2010

NASDAQ OMX

Laugavegur 182 - IS 105 Reykjavík - Iceland - Sími/Tel: +354 525 2800